

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

Garðabær, 27. mars 2024
Málsnúmer: 202403-0010
IAS

Efni: Umsókn Fjarðabyggðar um leyfi til leitar og rannsókna á seti

Vísað er í tölvubréf frá Orkustofnun frá 4. mars 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Fjarðabyggðar um leyfi til leitar og rannsókna á seti á hafsbotni utan netlaga í Reyðarfirði á milli Beruness og Þernuness.

Fyrir liggur leyfi Orkustofnunar nr. OS-2021-L0002-01 til leitar og rannsókna á fjórum reitum innan S2 í Reyðarfirði með eftirfarandi rannsóknaráföngum:

- Mæling á setþykkt á svæði S2. Þessum áfanga er lokið.
- Rannsókn á gerð sets, með töku setkjarna á fjórum tilteknum svæðum.
- Rannsóknir á botndýralífi. Frumkönnun á kóralþörungum á svæðinu liggur fyrir.

Ástæða þess að Fjarðabyggðahafnir óska eftir því nú að fá nýtt leitar og rannsóknarleyfi á reitum SA og SB innan S2 í Reyðarfirði byggir á reynslu af umfangsmiklum rannsóknum á seti í Norðfjarðarflóa sem er nýlokið. Þar var sömu áföngum fylgt og þar sem rannsóknirnar lofuðu góðu var farið í sýnatöku með efnistöskupi en þá kom í ljós að efnið var of hart til að hægt væri að dæla því. Því hafa Fjarðabyggðahafnir áhuga á að kanna hvort líkur séu á því að efni af svæði S2 sé dælanlegt áður en lagt er í kostnað við töku setkjarna og greininga á þeim. Því er sótt um rannsóknarleyfi sem felur í sér heimild til efnistöku á 1.000 m³ af seti á tveimur reitum innan svæðis S2.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina ásamt fylgigögnum og leggst stofnunin ekki gegn því að leyfi fyrir takmarkaðri efnistöku í rannsóknarskyni verði veitt. Svæði SA og SB eru þar sem dýpi er einna mest á svæði S2. Þar fundust engir lifandi kalkþörungar í rannsóknum Náttúrustofu Austurlands, sem fylgja með umsókninni, og eru svæðin valin samkvæmt ráðleggingum náttúrustofunnar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

